

Nd.

**652. Frumvarp til laga**

[270. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 500 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánsstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Heimilt er að ábyrgjast innlend eða erlent lán að jafnvirði allt að 330 millj. kr. vegna Fiskveiðisjóðs Íslands, allt að 81 millj. kr. vegna Laxárvirkjunar til framkvæmda þar og allt að 56 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins til stækkunar verksmiðjunnar. Þá er heimilt að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. erlent lán til byggingar flutningslína raforku á Norðurlandi.

6. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum og lánsfé, sem aflað hefur verið með sölu spariskírteina skv. heimild í lögum nr. 82/1971, skal verja sem hér segir:

|   | Millj. kr. |
|---|------------|
| Landshafnir .....                           | 28         |
| Flugöryggismál .....                        | 16         |
| Rafmagnsveitur ríkisins, framkv. ....       | 168        |
| Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána ..... | 20         |
| Sveitarafvæðing .....                       | 57         |
| Vatnsorkurannsóknir .....                   | 15         |
| Jarðhitarannsóknir .....                    | 17         |
| Jarðvarmaveitur .....                       | 7          |
| Blævardalsárvirkjun .....                   | 4          |
| Rannsóknastofnanir á Keldnaholti .....      | 6          |
| Endurbætur á Landssmiðju .....              | 3          |

|                                     | Millj. kr.   |
|-------------------------------------|--------------|
| Lögreglustöð .....                  | 14           |
| Reykjanesbraut .....                | 45           |
| Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi ..... | 30           |
| Austurlandsáætlun .....             | 75           |
| Norðurlandsáætlun .....             | 100          |
| Halli á framkvæmdaáætlun 1971 ..... | 35           |
|                                     | 640          |
| Til Framkvæmdasjóðs Íslands .....   | 360          |
|                                     | Samtals 1000 |

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Heildarfjáröflun til þeirra opinberu framkvæmda, sem 6. gr. þessa frumvarps tekur til, nemur 640 millj. kr., en auk þess hefur þegar verið aflað um 100 millj. kr. í formi happdrættisláns til byggingar Skeiðarársandsvegar. Til ráðstöfunar eru 200 millj. kr. spariskirteinalán frá desember s. l., endurgreiðsla eldri spariskirteinalána er áætluð 300 millj. kr., og hluti opinberra framkvæmda af nýrri spariskirteinaútgáfu nemur 140 millj. kr.

Til viðbótar þessari fjárhæð er ráðgerð ný spariskirteinaútgáfa vegna fjárfestingarlánasjóða að fjárhæð 360 millj. kr., þannig að samtals verða boðin út spariskirteini fyrir 500 millj. kr., sem er veruleg aukning frá fyrri árum. Spariskirteini ríkissjóðs hafa áunnið sér góðan markað, og hafa síðustu útgáfur sýnt, að mikil og almenn eftirspurn er eftir þeim. Telur ríkisstjórnin, að skilyrði séu nú hagstæð til útgáfu verulegra viðbótarfjárhæða í ríkisskuldabréfum, þar sem tekjur almennings eru miklar, eins og skýrt hefur komið fram í mjög auknum innflutningi og hækkandi verði á fasteignamarkaði. Með því að gefa almenningsi nú kost á að kaupa spariskirteini með hagstæðum kjörum vill ríkisstjórnin stuðla að því, að meira af ráðstöfunarfé þjóðarinnar beinist að framkvæmdum, sem staðið geti undir nauðsynlegri efnahagslegri uppbyggingu. Í athugasemdum við 5. og 6. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir einstökum framkvæmdum.

Um 1. gr.

Hér er leitað heimildar til allt að 500 millj. kr. fjáröflunar með verðbréfaútgáfu innanlands, og er þetta, eins og fyrr greinir, veruleg hækkun frá fyrri árum, en síðustu ár hefur ný verðbréfaútgáfa af þessu tagi numið 75 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að fé það, sem aflast með þessu móti, verði nýtt bæði til opinberra framkvæmda og til að bæta fjárþörf fjárfestingarlánasjóða, þannig að um 140 millj. kr. gangi til opinberra framkvæmda og 360 millj. kr. til fjárfestingarlánasjóða.

Um 2.—4. gr.

Í þessum greinum eru sömu ákvæði um lánskjör og skattalega meðferð og voru í hliðstæðum lögum á síðasta ári. Þá er ætlað til, að verðbréfin verði nafnskráð, en sá háttur var upp tekinn með útgáfu spariskirteina í desember s. l., skv. heimild í lögum nr. 82 frá 26. nóvember 1971.

Um 5. gr.

Sökum mikilla opinberra framkvæmda og fjárþarfar fjárfestingarlánasjóða er séð, að ekki verður unnt að afla alls nauðsynlegs fjármagns innanlands. Því verður þess freistað að afla lánsfjár á erlendum mörkuðum, samtals að jafnvirði allt að 467 millj. kr. og hugsanlega 60 millj. kr. til stofnlína á Norðurlandi. Við ráðstöfun hins erlenda fjármagns er við það miðað, að féð gangi annars vegar til gjaldeyrisaflandi málefna, þ. e. fiskveiða, og hins vegar til framkvæmda, sem draga munu

úr gjaldeyrisþörf þjóðarinnar í framtíðinni, þ. e. raforkuframkvæmda og áburðarframleiðslu. Þannig er ráðgert, að fjármagnið skiptist milli Fiskveiðisjóðs, 330 millj. kr., framkvæmda við Laxárvirkjun, 81 millj. kr., og við Áburðarverksmiðju ríkisins 56 millj. kr. Þar að auki er farið fram á heimild til að afla allt að 60 millj. kr. erlends lánsfjár til byggingar flutningslínu raforku á Norðurlandi, en nú er í athugun, hvar og hvenær slíkri línu yrði hagkvæmast fyrir komið.

#### Um 6. gr.

**Landshafnir.** Til framkvæmda í landshöfnum er ætlað að verja samtals 28 millj. kr. Á Rifi eru ráðgerðar framkvæmdir að fjárhæð 15 millj. kr., þar af bygging ytri hafnargarðs 7 millj. kr. og lagnir ásamt frágangi annarra mannvirkja 8 millj. kr. Í Njarðvík er gert ráð fyrir dýpkun, er kostar 8 millj. kr., og til Þorlákshafnar eru ætlaðar 5 millj. kr., að mestu til skuldagreiðslna vegna dýpkunar, sem fram fór á síðasta ári.

**Flugöryggismál.** Hér er um að ræða endurgreiðslu á láni, sem tekið var á s. l. ári til kaupa á ratsjárnúnaði o. fl. fyrir flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík, eins og gerð var grein fyrir í sambandi við síðustu framkvæmdaáætlun. Sá hluti endurgreiðslunnar, sem þar var talinn mundu falla á árið 1972, hefur hækkað nokkuð, eða úr 13.7 m.kr. í 16.0 millj. kr. nú, og er orsökina að mestu fólgin í hækkun viðkomandi gjaldmiðils gagnvart ísl. krónu.

**Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir.** Ætlað er að afla samtals 168 millj. kr. vegna framkvæmda á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Er þar í fyrsta lagi um að ræða virkjun Lagarfoss, 59 millj. kr., lúknungu Langavatnsmiðlunar, 14 millj. kr., og ýmsar virkjanarannsóknir, 3 millj. kr., eða samtals 76 millj. kr. til virkjana. Í öðru lagi er kostnaður við stofnlínur og aðveitustöðvar áætlaður 46 millj. kr., þar af lína Búrfell—Hvolsvöllur 20.5 millj. kr., lína Laxá—Þórshöfn 13.3 m.kr., lína frá Smyrlabjargaárvirkjun í Örafasveit 6.2 millj. kr. og annað 6 millj. kr. Loks eru ýmsar aðrar framkvæmdir áætlaðar samtals 50 millj. kr., og er þar um að ræða innanbæjarkerfi, riðbreytistöð á Keflavíkurflugvelli, byggingu dísilstöðvarhúsa o. fl. Samtals nema framkvæmdir því 172 millj. kr., en heimtaugagjöld og héraðslán eru áætluð 4 millj. kr.

**Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána.** Ráðgert er að afla 20 millj. kr. láns til að dreifa nokkuð þeirri lánabyrði, sem ella mundi leggjast með óeðlilegum þunga á rafmagnsveiturnar á allra næstu árum.

**Sveitarafvæðing.** Framlag til sveitarafvæðingar er 50 millj. kr. á fjárlögum, og í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins var gert ráð fyrir, að sömu upphæðar þyrfti að afla innan framkvæmdaáætlunar. Endurskoðun áætlunarinnar, sem miðast við að ljúka sveitarafvæðingu á þremur árum, hefur hins vegar leitt til nokkurrar hækkunar, þannig að nú er talið, að kostnaður við framkvæmdir í heild nemi samtals 115,3 millj. kr. Er því nauðsynlegt að afla 57 millj. kr. lánsfjár í þessu skyni, en heimtaugagjöld eru áætluð 8.3 millj. kr.

**Vatnsorkurannsóknir.** Til viðbótar þeim hluta fjárveitingar til Orkustofnunar, er gengur til vatnsorkurannsókna, er hér gert ráð fyrir að afla 15 millj. kr. lánsfjár. Eru þá einkum höfð í huga sérstök stór rannsóknarverkefni, svo sem á Þjórsár- og Hvítársvæði.

**Jarðhitarannsóknir.** Hér er á sama hátt um að ræða lánsfjáröflun til viðbótar fjárveitingum á fjárlögum til Orkustofnunar. Ráðgert er að afla 17 millj. kr. í þessu skyni, og helzta verkefnið er borun tveggja 1000 m hola í Krisuvík, sem kosta munu um helming þessarar fjárhæðar.

**Jarðvarmaveitur ríkisins.** Ráðgert er að afla 7 millj. kr. lánsfjár vegna jarðvarmavirkjana annars vegar í Hveragerði, 4.5 millj. kr., og hins vegar vegna Eyrarbakka og Stokkseyrar, 2.5 millj. kr.

**Blævardalsárvirkjun.** Virkjunaraðili er Rafveita Snæfjalla, í eigu Snæfjalla- og Nauteyrarhreppa, og væntanlega mun Reykjarfjarðarhreppur bætast við, en virkjunin,

sem er 200 kw, mun þjóna þessum hreppum ásamt Reykjanesskóla. Heildarkostnaður er áætlaður 6.7 millj. kr., en eigin fjármögnun og tækjakaupalán væntanlega 2.7 millj. kr. Er því gert ráð fyrir, að á framkvæmdaáætlun komi 4 millj. kr.

**Rannsóknastofnanir á Keldnaholti.** Til ýmissa smærri framkvæmda vegna sameiginlegra þarfa rannsóknastofnananna á Keldnaholti og vegna umframkostnaðar við byggingu Rannsóknastofnunar iðnaðarins o. fl. er nauðsynlegt að afla 6 millj. kr. lánsfjár auk þeirrar 3 millj. kr. flýttigreiðslu frá Happprætti Háskóla Íslands, sem verður til ráðstöfunar í þessu skyni.

**Endurbætur á Landssmiðju.** Fyrirhugaðar eru ýmsar breytingar á starfsaðstöðu fyrirtækisins og niðurrif gamalla skúra við Skúlagötu. Landssmiðjan hefur ekki fjárhagslegt holmagn til að standa undir kostnaði við þessar aðgerðir nema að nokkru leyti, og því er ráðgerð 3 millj. kr. lánsfjáröflun til framkvæmdanna.

**Lögreglustöð.** Með fjárlagaframlagi og öðru handbæru fé eru til ráðstöfunar um 8.3 millj. kr., þannig að með þeirri lánsfjáröflun, sem hér er ráðgerð, geta 22.3 millj. kr. gengið til framkvæmda við bygginguna í ár. Nokkuð skortir þó enn til þess að ljúka byggingunni að fullu, eða nálægt 15 millj. kr., auk þess sem lánsfé úr sjóði bifreiðaeftirlits mun í lok ársins nema um 12 millj. kr.

**Reykjanesbraut.** Eins og á undanförunum árum er hér einungis um að ræða endurgreiðslu lána, og er fjárvöntunin umfram veggjald og fast framlag úr vegasjóði áætluð 45 millj. kr.

**Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi.** Gert er ráð fyrir að afla 30 millj. kr. lánsfjár vegna þessarar framkvæmdar. Þar af fara 24 millj. kr. til skuldagreiðslna og 6 millj. kr. til frágangs verka.

**Austurlandsáætlun.** Til ársáfanga samgönguáætlunar Austurlands verður varið 75 millj. kr.

**Norðurlandsáætlun.** Þeim 100 millj. kr., sem afla á innan framkvæmdaáætlunarinnar á þessu ári, verður varið til vegagerðar.

**Halli á framkvæmdaáætlun 1971.** Uppgjör á greiðslulegri útkomu framkvæmda- og fjáröflunaráætlunarinnar fyrir árið 1971 hefur leitt í ljós, að í raun skorti 76 millj. kr. til að fjáröflun nægði fyrir framkvæmdum. Enda þótt æskilegt hefði verið að jafna hallann að fullu á þessu ári, var horfið að því ráði að skipta hallanum á tvö ár með tilliti til þess, að fjáröflunarmöguleikana verður að telja fullnýtta og ekki hefur verið talið fært að lækka framkvæmdaáform hinna ýmsu aðila meira en orðið er.